

Föstudaginn 26. nóvember 1993.

Nr. 444/1993. **Bergey hf.,
Uni Pétursson,
Þorgrímur Ómar Unason,
Pétur Arnar Unason og
Þiðrik H. Unason**

gegn

**Jökli sf.,
Sævari Steingrímssyni,
Þorvaldi Steingrímssyni og
Steingrími Garðarssyni persónulega og
fyrir hönd félagsins og
Vélbátatryggingu Eyjafjarðar til
réttargæslu.**

Kærumál. Frávísun. Gerðardómur. Bataábyrgðarfélög. Björgunar-
laun. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar hafa með heimild í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. október 1993. Kærður er frávísunardómur Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 19. október 1993.

Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, „að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og að málinu verði heimvísað til löglegrar málsmeðferðar að nýju. Til vara er gerð sú krafa, að frávísunarúrskurðinum verði hrundið og lagt verði fyrir Héraðsdóm Norðurlands vestra að leggja efnisdóm á málið“. Í báðum tilvikum er þess krafist, að sóknaraðilum verði dæmdur kærumálskostnaður. Til þrautavara er þess krafist, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður verði felldur niður.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eigi verður fallist á, að þeir ágallar séu á hinum kærða úrskurði, að varða skuli ómerkingu hans og heimvísun málsins.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög eru aðilar máls þessa skuldbundnir til að vátryggja skip sín hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt lögunum, og með þeim skilmálum, sem þar er kveðið á um. Umrædd skip eru bæði vátryggð hjá réttargæslustefnda, og eru eigendur þeirra félagsmenn hans, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Í 14. gr. laganna er kveðið á um ákvörðun björgunarlauna, ef skip eru bæði tryggð hjá sama félagi. Stjórn réttargæslustefnda hefur tekið ákvörðun um bætur samkvæmt þessari grein. Ágreining um þá ákvörðun ber að leggja í gerð samkvæmt 19. gr. laganna.

Sóknaraðilar hafa fært fram málsástæður þess efnis, að 14. gr. laga um bátaábyrgðarfélög brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 67. gr. hennar og meginreglur mannréttindasáttmála um jafnrétti. Gátu þeir átt rétt á að fá efnislega úrlausn um þær. Málsástæður þessar eru hins vegar verulega óskýrar og vanreifaðar í stefnu, sbr. e-lið 80. gr. laga nr. 91/1991. Varnaraðilar kröfðust ekki frávísunar, og hefði héraðsdómurum verið rétt að freista þess að fá grundvöll málsins betur skýrðan fyrir aðalflutning. Þessa sér þó ekki stað í gögnum málsins. Hér er hins vegar um viðamiklar málsástæður að ræða, og þykir því eftir atvikum rétt að una við mat héraðsdóms á framsetningu þeirra.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar um annað en málskostnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunarúrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Sóknaraðilar, Bergey hf., Uni Pétursson, Þorgrímur Ómar Unason, Pétur Arnar Unason og Þiðrik H. Unason, greiði varnaraðilum, Jökli sf., Sævari Steingrímssyni, Þorvaldi Steingrímssyni og Steingrími Garðarssyni persónulega og fyrir hönd félagsins, 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 19. október 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 4. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 12. mars 1993, af Bergey hf., kt. 560190-1159, Suðurbraut, Hofsósi, Una Péturssyni, 190342-2639, Kirkjugötu 9, Hofsósi, Þorgrími Ómari Unasyni, kt. 280465-4029, Sætúni 4, Hofsósi, Péttri Arnari Unasyni, kt. 151268-3079, Kirkjugötu 9, Hofsósi, og Þiðriki H. Unasyni, kt. 160574-3059, Kirkjugötu 9, Hofsósi, á hendur Jökli sf., kt. 620477-0369, Hesteyri 1, Sauðárkróki, Sævari Steingrímssyni, kt. 190460-7469, Skólastíg 1, Sauðárkróki, Þorvaldi Steingrímssyni, kt. 080359-3739, Skólastíg 1, Sauðárkróki, Steingrími Garðarssyni, kt. 270628-2149, Hólavegi 38, Sauðárkróki, persónulega og fyrir hönd félagsins. Þá er Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, kt. 690269-6359, Geislagötu 12, Akureyri, stefnt til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 4.603.409 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 28. nóvember 1991 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, fyrst 28. nóvember 1992. Þá er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðsréttur stefnenda í m/b Jökli, SK-33, fyrir framangreindum dómkröfum og málskostnaði. Loks krefjast stefnendur málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Réttargæslustefndi hefur ekki uppi sjálfstæðar kröfur á hendur stefnendum.

II.

Málavextir.

Hinn 28. nóvember 1991 var m/b Jökull, SK-33, á rækjuveiðum með botntrolli við Drangey á Skagafirði. Fékk skipið trollið í skrúfunu og varð vélvana af þeim sökum. Eftir því sem upplýst er í málinu, var sjólag frekar slæmt, en lítill vindur.

Kafari, sem var á skipinu, reyndi að skera trollið úr skrúfunni, en varð frá að hverfa vegna loftleysis. Skipstjóri m/b Jökuls hafði talstöðvar-samband við nærstaddan bát og sagði frá vandræðum sínum. Skipstjórinn á m/b Berghildi, SK-137, sem var þar skammt frá, kom inn í samtalið og bauð fram aðstoð sína, og var hún þegin. M/b Berghildur var með trollið uppi, og tók um 15 mínútur að sigla á vettvang. Greiðlega gekk að koma

fastsetningarenda m/b Jökuls í m/b Berghildi, sem tók m/b Jökul í tog, en við það losnaði trollið úr skrófu m/b Jökuls. Reyndist skrófan óskemmd, og gat skipið siglt fyrir eigin vélarafli.

Með aðilum er m. a. ágreiningur um það, hvar m/b Jökull var, þegar skipið fékk trollið í skrófuna, hver vindátt var, hvernig rek skipsins var og hvar það var nákvæmlega statt, þegar það var tekið í tog.

Með bréfi, dags. 18. febrúar 1992, krafði lögmaður stefnenda réttargæslustefnda um björgunarlaun vegna atviks þessa. Í svarbréfi sama dag til lögmannsins tilkynnti réttargæslustefndi, að málið hefði verið tekið fyrir í stjórn félagsins sama dag. Samþykkt hefði verið að greiða útgerð m/b Berghildar fyrir aðstoðina samkvæmt Goðataxta. Síðan segir í bréfi þessu:

„Þetta samþykkti Uni Pétursson, þegar hann kom hér á skrifstofuna með syni sínum og meðeiganda, Ómari Unasyni, nú fyrir stuttu, en óskaði eftir að fá upphæðina greidda út. Við því gat félagið ekki orðið vegna stöðu Bergeyjar hf. á viðskiptam-reikningi, en upphæðin að sjálfsögðu færð til tekna sama dag og aðstoðin var veitt.“

Dómendur fóru ásamt aðilum og talsmönnum þeirra á vettvang og skoðuðu aðstæður.

— — —

III.

Niðurstaða.

Það er álit dómsins, að gegn andmælum stefnenda hafi stefndu ekki tekist að sanna, að komist hafi á samningur um uppgjör björgunarlauna vegna hjálpar þeirrar, sem m/b Berghildur, SK-137, veitti m/b Jökli, SK-33, við Drangey 28. nóvember 1991. Ber því að hafna þeirri málsástæðu stefndu.

Umrædd skip eru bæði vélskip með þilfari, undir 100,49 brúttórúmllestum að stærð og falla undir 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1976 um bátaábyrgðar-félög. Þau eru bæði vátryggð hjá réttargæslustefnda.

Samkvæmt 14. gr. nefndra laga á ákvörðun um björgunarlaun, þegar í hlut eiga skip, sem falla undir lögin, undir stjórn viðkomandi félags, ef skipin eru bæði tryggð hjá sama félagi. Verður ekki undan þessu laga-ákvæði vikist á grundvelli þeirra sjónarmiða stefnenda, að það brjóti gegn meginreglum sjóréttar um björgun eða að það fyrirkomulag um ákvörðun björgunarlauna teljist varhugavert.

Á fundi sínum 18. febrúar 1992 ákvað stjórn réttargæslustefnda að greiða stefnendum fyrir hjálp þeirra við stefndu 164.200 kr. Þessi fjárhæð var síðan færð stefnanda, Bergey hf., til tekna á viðskiptareikningi félagsins hjá réttargæslustefnda.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir dóminn, er þess ekki krafist, að umræddri ákvörðun stjórnar réttargæslustefnda verði hnekkt, enda segir

í 19. gr. laga nr. 18/1976, að ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá samábyrgðinni, og milli félaganna og samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 8. gr. laganna, skuli leggja í gerð. Eru skipverjar m/b Berghildar, SK-137, einnig bundnir af þessari málsmeðferð.

Stefnendur telja ákvæði 14. gr. laga nr. 18/1976 brjóta í bága við jafnréttisreglu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og meginreglur mannréttindasáttmála um jafnrétti, auk þess sem þeir vísa til 67. gr. stjórnarskrárinnar í þeim kafla stefnu, þar sem vísað er til lagaákvæða.

Það er álit dómsins, að málsástæður þessar séu verulega vanreifaðar. Er í stefnu á engan hátt rökstutt, með hvaða hætti ákvæði laga nr. 18/1976 séu ekki í samræmi við jafnræðisreglu þá, sem víða er byggt á í stjórnarskránni, eða meginreglur mannréttindasáttmála um jafnræði. Þá verður ekki ráðið af stefnu, að hvaða leyti ákvæði laga nr. 18/1976 um ákvörðun björgunarlauna séu ósamþýðanleg 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir verða að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Stefnendum ber að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilegur 300.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Úrskurð þennan kvað upp Halldór Halldórsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Friðriki J. Arngrímssyni skipstjórnarmanni og Valtý Sigurðssyni héraðsdómara.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Bergey hf., Uni Pétursson, Þorgrímur Ómar Unason, Pétur Arnar Unason og Þiðrik H. Unason, greiði stefndu, Jökli sf., Sævari Steingrímssyni, Þorvaldi Steingrímssyni og Steingrími Garðarsyni persónulega og fyrir hönd félagsins, 300.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.